

ir að gegna áfram, þar til ný stjórn varð kosin, en það var aftur réttur hluthafa að halda stjórn sinni, með þeim ráðum, er lögin lögðu þeim í hendur, til að gjöra ráðstafanir til slíkrar kosningar, ef þeir vildu beita sér til þess. En til hins var engin heimild í félagslögunum, að hluthafar, og þá heldur eigi áfryjandi — þótt hann geti talist löglegur hluthafi, sem stefndu hafa neitað að hann hafi verið, — gætu tekið sér vald til að reka réttar félagsins, sem annars var hlutverk félagsstjórnarinnar einnar, og það verður því eigi álitid, að áfryjandi hafi haft heimild til að áfryja máli þessu, og ber þess vegna að vísa því frá yfirdómi. Málskostnaður þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 18/1910:

Réttvísin

gegn

Egli Sigurði Kristjánssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað gegn Guðrúnu Stefánsdóttur ekkju, syni hennar Egli Sigurði Kristjánssyni og Ólafi Jónssyni unglingspilti fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði, og voru þau dæmd í aukarétti Norður-Múla-

sýslu 9. okt. f. á., Guðrún í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Egill Sigurður í 8 mánaða betrunarhússvinnu, og Ólafur skilorðsbundnum dómi samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 í 40 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi. Þessum dómi, að því er hann tekur til Egils Sigurðar Kristjánssonar, hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk ákærða og af hálfu réttvísinnar.

Með játningu ákærða, sem er fæddur 23. júní 1887 og hefir eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot, og öðrum skýrslum, fengnum við rannsókn málsins, er það löglega sannað, að hann hefir frá því vorið 1908 til hausts s. á. ýmist einn eða í félagi við meðákærða í héraði, Ólaf Jónsson, stolið frá húsbónda sínum Guðmundi bónda Snorrasyni í Fossgerði í Jökuldal matvælum og munaðarvörum af ýmsu tagi svo sem slátri, brauði, kaffi, sykri, rúsínum, sveskjum, tóbaki og vinföngum. Voru munir þessir varðveittir í læstum geymslustöðum, bæjardyrarlofti, stofu og kjallara í Fossgerði, en þar var mannlaust í bænum árið 1908 frá því í 12. viku sumars, með því að Guðmundur bóndi, sem rak sveitaverzlun, flutti þá með alt sitt fólk að Klausturseli, skamt þaðan, til þess að vera nær Jökulsár-brúnni, sem þá var í smíðum, og geta átt viðskifti við brúarsmíðina. Var það þá um sumarið og haustið, er mannlaust var í Fossgerði, er mest kvað að þjófnaði þeirra ákærða og Ólafs. Þeir byrjuðu um vorið að stela úr bæjardyrarloftinu; opnuðu þeir loftsdyrnar fyrst með kofffortslykli ákærða, en honum týndu þeir og smíðuðu sér þá annan lykil úr gjarðajárni. Þannig fór ákærði þrisvar í dyraloftið og stal þar, og í 4. skiftið léði hann Ólafi lykilinn til að fara þangað inn í sömu erindum og gaf Ólafur honum þá með sér

af því er hann tók. Í stofuna fóru þeir ákærði og Ólafur eitt skifti með þeim hætti, að Ólafur spenti stofugluggann úr karminum með mjóu járn, fór svo inn og rétti ákærða út um gluggann það sem hann tók í stofunni, og skiftu þeir því með sér. Í önnur 3 skifti fór ákærði inn um smádyr á stofuþilinu sem eigi voru ætlaðar til að fara út og inn um, en áttu að vera dyr á veggskáp, þegar búið væri að ganga frá þiljum að utanverðu; lagðist hann á hurðina, svo að hún gekk inn; segir hann að hurðin hafi verið ólæst en negld aftur að innanverðu þegar hann fór þar inn í 3. skiftið; en að sögn húsbónda hans var hurðin læst, og er þetta atriði eigi fyllilega upplýst í málinu, og framburði ákærða um það því eigi hnekt. Ákærði stal úr stofunni í öll þessi skifti. Svo vissi hann og til þess að Ólafur fór inn í stofuna oftast en einu sinni til að stela og gaf hann þá ákærða með sér af því sem hann tók þar. Þá hefir ákærði kannast við, að þeir Ólafur hafi stolið þrisvar úr kjallar anum í Fossgærði; fyrsta skiftið notuðu þeir hinn rétta lykil til að komast í kjallarann, en í síðari skiftin ráku þeir þolinmóðinn úr hjörum á kjallarahurðinni eða hleranum og opnuðu þannig dyrnar.

Hið stolna höfðu þeir ákærðu og Ólafur til að gæða sér á; var það alt eytt áður en rannsóknin byrjaði, og hefir eigi orðið upplýst, hve miklu var stolið af hverju tægi og því eigi heldur, hve mikils virði alt þýfið var. Að sönnu hafa þeir ákærði og Ólafur, að sögn húsbónda þeirra, játað það fyrir honum, að þýfið mundi nema 100 kr., en sjálfir hafa þeir ekkert borið um þetta við prófin, og er sennilegt að þeir hafi eigi getað gert grein fyrir

því, svo ábyggilegt væri. Endurgjalds fyrir hið stolna hefir eigi verið krafist.

Framangreiud brot ákærða heyra undir 230. gr. og 231. gr. sbr. að nokkru leyti 49. gr. og 56. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hegningin, sem hann hefir til unnið, eftir atvikum, og með hliðsjón á 63. gr. laganna, hæfilega metin af undirdómaranum 8 mánaða betrunarhússvinna, og með því að málskostnaðar ákvæði aukaréttardómsins samþykkjast og, ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum er áfrýjað. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber ákærða að greiða, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði Egill Sigurður Kristjánsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.